

Dómsorð:

Stefndi, bæjarsjóður Hafnarfjarðar, greiði stefnanda, Guðmundi Óskarssyni, kr. 29.307.80 ásamt 8% vöxtum frá 1. október 1967 til greiðsludags, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 1. febrúar 1971.

Nr. 191/1969. **Preben Skovsted**

(Kristján Eiríksson hrl.)

gegn

Karli Einarssyni og

Kristens Sigurðssyni

(Gísli G. Ísleifsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Skuldamál.

Dómur Hæstaréttar.

Afrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 23. október 1969, að fengnu áfrýjunarleyfi 20. s. m. Krefst hann þess, að stefndu verði dæmdir til að greiða honum kr. 6.820.00 með 7% ársvöxtum frá 1. maí 1968 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Er stefndu keyptu fyllingarefni það, sem í málinu greinir, skýrði áfrýjandi stefnda Karli frá því, að efnið væri ekki nýtt og að hræra þyrfti það upp fyrir notkun, að undanskildum 14 kg, er áfrýjandi hrærði upp sem sýnishorn. Fengu stefndu efnið af þessum ástæðum fyrir lægra verð en ella. Stefndu endurseldu byggingarfélaginu Breiðholti h/f allt efnið, og að því er virðist á svipuðu verði og almennt var á nýju efni. Er til kom, notaði Breiðholt h/f aðeins 10—14 kg af efninu, en afganginn tók áfrýjandi í skiptum fyrir

annað efni algerlega gallalaust. Hefur Guðjón Högni Páls-son, birgðavörður Breiðholts h/f, lýst atvikum að því svo, að hann hafi sagt áfrýjanda frá því, „að efnið væri gallað og sennilega gætu þeir ekki notað það“. Hafi áfrýjandi þá boðizt til að taka hið gallaða efni og bæta Breiðholti h/f það. Sjálfur hefur áfrýjandi skýrt svo frá, að Breiðholt h/f hafi getað notað þau 14 kg af efninu, sem hann var búinn að hræra upp, en „auk þess hafi þeir reynt að nota eitthvað meira, en það hafi ekki tekizt, þar sem þeir hafi þá ekki vitað, að þurft hafi að hræra upp það, sem verið hafi í hinum dósunum“.

Ekki hefur verið leitt nægilega í ljós, að fyllingarefnið frá áfrýjanda hafi verið ónothæft, ef fylgt var leiðbeiningum hans um notkun þess. Ekki er heldur sannað, að efni þetta hafi að öðru leyti verið lakara að gæðum en stefndu máttu vænta af verði þess og frásögn áfrýjanda, og engu skiluðu þeir honum af efni því, sem þeir telja sig hafa bætt Breiðholti h/f með öðru nýju. Verður, eins og atvikum er háttað, að dæma stefndu til að greiða áfrýjanda hina kröfðu fjárhæð með vöxtum, eins og krafizt er, og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, er þykir hæfilega ákveðinn samtals kr. 10.000.00.

Dómsorð:

Stefndu, Karl Einarsson og Kristens Sigurðsson, greiði áfrýjanda, Preben Skovsted, kr. 6.820.00 með 7% árs-vöxtum frá 1. maí 1968 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 10.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lög-um.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 28. apríl 1969.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 22. þ. m., hefur Preben Skovsted stórkaupmaður, Barmahlið 56, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 18. og 19. júní 1968, á hendur Karli Einarssyni kaupmanni, Álfhólsvegi 8, Kópavogi, og Kristens Sigurðssyni, Vesturbraut 9, Hafnarfirði, til greiðslu skuldar að

fjárhæð kr. 6.820.00 með 1% vöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 1. maí 1968 til greiðsludags auk málskostnaðar að mati dómsins.

Dómkröfur stefndu eru þær, að stefnukrafan verði lækkuð um kr. 3.220.00, vextir felldir niður og stefndu verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Leitazt hefur verið við að koma á sáttum í máli þessu, en sú viðleitni hefur eigi borið árangur.

Málavextir eru þeir, að vorið 1968 keyptu stefndu 62 kg af fyllingarefni hjá stefnanda. Efni þetta er af gerðinni Boxer Plast H 25 og kostar kr. 110.00 hvert kg, eða samtals kr. 6.820.00. Reikningur um kaup þessi er dagsettur 24. apríl 1968 og stílaður á Verzlunina Álfhól við Álfhólsveg í Kópavogi, en stefndu eru sameigendur þeirrar verzlunar og reka hana með ótakmarkaðri ábyrgð. Efni þetta var í þremur 14 kg dunkum og tveimur 10 kg. Þar sem efni þetta hafði staðið nokkurn tíma hjá stefnanda, kveður hann hafa verið komið botnfall í dunkana og því þurft að hræra efnið upp, áður en það yrði notað til fyllingar. Kveðst stefnandi sjálfur hafa verið búinn að hræra upp 14 kíló af efninu, en afgangurinn verið óupphræður. Stefnandi segist hafa sagt stefnda Karli Einarssyni, að hræra þyrfti upp efnið. Jafnframt getur stefnandi þess, að stefndu hafi fengið efnið af þessum sökum á lægra verði heldur en ef um hefði verið að ræða efni, sem tilbúið væri strax til notkunar. Hafi hann selt efnið á kr. 110.00 kg, en efni tilbúið til notkunar hafi þá kostað kr. 164.00 kg.

Stefndu seldu byggingarfélaginu Breiðholti h/f síðan efni þetta. Hefur stefnandi borið, að Karl Einarsson hafi tjáð sér, þegar hann keypti efni þetta hjá stefnanda, að hann væri búinn að tala við fyrirsvarsmenn Breiðholts h/f og sagt þeim, hvers konar efni þetta væri. Hafi þeir samt sem áður gjarnan viljað kaupa efnið vegna verðsins, þótt þyrfti að hræra það upp, enda hefðu þeir til þess vélar.

Þegar til kom gat byggingarfélagið Breiðholt h/f ekki notað nema lítinn hluta af efni þessu, 10—14 kg, að því er vitnið Guðjón Högni Pálsson, birgðavörður hjá Breiðholti h/f, hefur borið hér fyrir réttinum. Kvað hann þetta hafa stafað af því, að örður hafi verið í efninu, og því eigi verið unnt að nota það nema til fyllingar í dýpstu holur, en síðan hafi þurft að fylla endanlega yfir holurnar með ógölluðu efni.

Leiddi þetta til þess, að stefnandi bætti byggingarfélaginu Breiðholti h/f hið gallaða efni með því móti að afhenda því 40 kg

dunk af ógölluðu Boxer Plast efni af gerðinni H 85, en taka aftur hið gallaða efni, sem eigi var unnt að nota, um það bil 50 kg.

Áður en þetta gerðist, hafði stefndi Karl Einarsson afhent Breiðholti h/f 14 kg af ógölluðu fyllingarefni af gerðinni Boxer Plast H 85. Kvað Karl þetta hafa verið fyllingarefni, sem hann hafi áður verið búinn að kaupa hjá stefnanda. Karl Einarsson kvaðst hafa látið efni þetta af hendi við Breiðholt h/f samkvæmt beiðni Guðjóns Högna Pálssonar, birgðavarðar Breiðholts h/f. Hafi nefndur Guðjón boðið sér greiðslu fyrir efni þetta, en stefndi Karl Einarsson kvaðst hafa sagt, að það væri óþarfi, þar sem þetta efni kæmi upp í gallaða efnið. Það er ágreiningslaust í málinu, að stefndi Karl Einarsson hafi afhent byggingarfélaginu Breiðholti h/f þetta magn af fyllingarefni án þess að taka greiðslu fyrir.

Stefnandi byggir dómkröfur sínar á því, að stefndi Karl Einarsson hafi vitað, að efni það, sem hér um ræðir, hafi verið gallað. Allt að einu hafi hann keypt það, enda fengið það á afsláttarverði, svo sem að framan greinir. Honum hafi ekki borið nein skylda til að bæta byggingarfélaginu Breiðholti h/f með þeim 14 kg, er hann gerði, enda hafi fyrirsvarsmaður Breiðholts h/f boðizt til þess að greiða stefnda Karli Einarssyni fyrir efni þetta, en hann hafnað því boði. Beri stefndu því að greiða stefnanda reikningsfjárhæðina, enda geti þeir ef til vill enn fengið greitt fyrir þau 14 kg af fyllingarefni, sem byggingarfélaginu Breiðholti h/f hafi verið afhent án greiðslu.

Stefndu byggja dómkröfur sínar á því, að efni það, sem um er deilt í máli þessu, hafi verið það gallað, að einungis hafi verið unnt að nota óverulegan hluta þess. Hafi þeim því borið að bæta viðsemjanda sínum hið gallaða efni. Það hafi þeir gert að nokkru leyti með því að láta byggingarfélagið Breiðholt h/f hafa 14 kg af fyllingarefni í eins kg umbúðum. Hver kílóðós kosti kr. 230.00, og 14 kílóðósir kosti því samtals kr. 3.220.00. Þá fjárhæð beri því að draga frá stefnukröfunni. Jafnframt benda stefndu á, að þeir hafi verið reiðubúnir að greiða stefnanda kröfu hans, ef hann drægi þessi 14 kg frá, og þá til samkomulags á sama verði og stefnandi reikni þeim, þ. e. kr. 110.00 fyrir hvert kg. Málssókn þessi sé því algerlega að ófyrirsynju, en stefndu reikni nú, úr því að til málaferla hafi komið, með raunverulegu verði á hinum 14 kg, þ. e. kr. 230.00 fyrir hvert kg.

Stefndu bar sem viðsemjendum byggingarfélagsins Breiðholts h/f að bæta því hið ónothæfa fyllingarefni. Það gerðu þeir að

nokkru leyti með því að afhenda án endurgjalds nefndum viðsemjanda sínum 14 kg af Boxer Plast H 85, áður en stefnandi bætti sjálfur fyrirtæki þessu hið ónothæfa efni. Verður lækkunar-krafa stefndu því tekin til greina. Samkvæmt þessu eru stefndu dæmdir til að greiða stefnanda kr. 3.600.00 ásamt vöxtum, er ákveðast 7% ársvextir frá 1. maí 1968 til greiðsludags.

Eftir atvikum öllum þykir rétt, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu.

Magnús Thoroddsen borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Karl Einarsson og Kristens Sigurðsson, greiði stefnanda, Preben Skovsted, kr. 3.600.00 með 7% ársvöxtum frá 1. maí 1968 til greiðsludags.

Málskostnaður fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 3. febrúar 1971.

Nr. 26/1970. **Hraðfrystihús Patreksfjarðar h/f**
(Kristinn Einarsson hrl.)

gegn

Hraðfrystistöð Vestmannaeyja
(Jón Hjaltason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Skuldamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. febrúar 1970, að fengnu áfrýjunarleyfi 26. janúar s. á. Krefst hann þess, að hann verði einungis dæmdur til að greiða stefnda kr. 122.000.00 með 8% ársvöxtum frá 20. marz 1969 til greiðsludags, en stefnda verði gert að greiða málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst, að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða